

Samþætting leiklistar og samfélagsgreina

Lokaskýrsla

Kennsluþróunarverkefnið *Samþætting leiklistar og samfélagsgreina* var framkvæmt vorið 2021. Verkefnið snerist um að þróa aðferðir og verkferla við að samþætta kennslu í tveimur námskeiðum á ólíkum námsbrautum sem kennd voru á vorönn 2021, þ.e. námskeiðin SFG203M Upp með jafnréttisglæraugun (umsjónarkennari Íris Ellenberger) og LVG207M Barnaleikrit – með börnum og fyrir börn (umsjónarkennari Rannveig Björk Þorkelsdóttir). Upphaflega var hugmyndin að nota grunnnámskeið í leiklist í verkefnið en þegar á hólminn var komið þótti okkur hyggilegra að bæði námskeiðin væru á meistarastigi.

Kennslu var þannig háttað að umsjónarkennari sinnti meginkennslu í sínu námskeiði yfir önnina en í fyrstu kennsluviku skiptu hóparnir um kennara. Samfélagsgreinanemarnir fengu leiklistarkennslu hjá Rannveigu og leiklistarnemarnir fengu jafnréttiskennslu hjá Írisi. Um miðbik annarinnar unnu nemendur í báðum námskeiðum sameiginlegt verkefni. Þeim var skipt í hópa en í hverjum hópi voru bæði leiklistar- og samfélagsgreinanemar. Saman áttu þau að semja og flytja barna- eða unglíngaleikrit; fjarnemar sömdu og fluttu útvarpsleikrit en staðnemar sömdu barnaleikrit fyrir svið. Verkefnin voru síðan frumflutt, ýmist á Zoom eða í húsnæði Háskóla Íslands í Stakkahlíð fyrir hóp nemenda úr Háteigsskóla. Covid-19 setti strik í reikninginn hjá einum hópnum sem hafði áformað að flytja leikrit sitt í Þjóðleikhúsinu fyrir sal áhorfenda. Vegna samkomutakmarkana og smithættu var þess í stað brugðið á það ráð að flytja leikritið rafrænt í gegnum Zoom.

Nemendur nutu stuðnings hjá umsjónarkennurum námskeiðsins með sérstökum leiklistarvinnustofum og einkaráðgjöf um efni leikritanna út frá jafnréttissjónarhóli. Í þessari vinnu nutu umsjónarkennarar krafta Jónu Guðrúnar Jónsdóttur sem aðstoðaði við kennslu í námskeiðinu.

Á heildina má segja að verkefnið hafi heppnast vel og eru umsjónarkennarar námskeiðanna staðráðnar í að halda áfram að láta nemendur í samfélagsgreinum og leiklist vinna að sameiginlegum verkefnum þvert á námskeið og námsbrautir. Vissulega komu ýmsar áskoranir upp við útfærslu verkefnisins og eru umsjónarkennarar strax komnir með fjölmargar hugmyndir um hverju megi breyta fyrir vorið 2023, þegar verkefnið verður keyrt á ný.

Af ígrundun nemenda og kennslukönnun má ráða að þeir hafi yfirleitt verið ánægðir með verkefnið, þrátt fyrir að þeim hafi í upphafi þótt óþægilegt að stíga út fyrir sinn þægindaramma. Flestir sögðust þó verið reynslunni ríkari og hafa öðlast færni t.d. til að nota leiklist í samfélagsgreinakennslu eða sinna jafnréttismenntun í leiklistarkennslu.

Áberandi var hversu margir nemendur nefndu að þeim hefði þótt dýrmætt að kynnast nemendum af öðrum námsbrautum og vinna verkefni sem svipar til þemaverkefna í grunnskólum, þar sem kennarar í ólíkum fögum leggja fyrir verkefni sem samþættir ólíkar námsgreinar. Þannig teljum við að við höfum náð þeim markmiðum okkar að auka hæfni kennaranema til að beita nútímakennsluháttum í sinni vinnu. Einnig að stuðla að öflugum

námssamfélagi kennaranema með samvinnunámi þar sem þau læra hvert af öðru, sem og af kennurum. Jafnframt hafði verkefnið í för með sér aukna þekkingu fyrir umsjónarkennara námskeiðanna sem hafa öðlast reynslu í að samþætta vinnu í ólíkum námskeiðum með þessum hætti.

Umsjónarkennarar námskeiðanna hafa þegar kynnt verkefnið bæði á Menntastefnumóti Reykjavíkurborgar og Hugarflugi, ráðstefnu Listaháskóla Íslands. Þá stendur til að kynna verkefnið á ráðstefnu í Kristiansand í Noregi í febrúar 2021. Þá hafa Íris og Rannveig samþykkt að skrifa grein um verkefnið í tímarit Kennslumiðstöðar Háskóla Íslands. Í framhaldinu munu þær þróa kennslubók sem nemendur geta tekið með sér út á vettvang og notað í sinni kennslu í grunn- eða framhaldsskólum.

Íris Ellenberger, dósent í samfélagsgreinum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands